

## Umsögn

### um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um orkuskipti.

Frá 2. minni hluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Aðgerðaráætlun um orkuskipti ber að fagna enda mikilvægt að mótuð sé stefna til framtíðar. Margt gott má finna í áætluninni en einnig má velta fyrir sér hvort markmið séu nógu háleit og metnaður nægur. Verkefnið er mikilvægt, að draga út notkun jarðefnaeldsneytis og skipta út óendurnýjanlegum örkugjöfum fyrir endurnýjanlega og nýta til þess auðlindir landsins.

Tækifærin eru til staðar og vitund landsmanna gagnvart mikilvægi orkuskipta fer stöðugt vaxandi. Stuðning, ívilnanir og aðra hagræna hvata ber að nýta til að flýta fyrir árangri í orkuskiptum. Taka þarf af allan vafa um að bifreiðar og jafnvel önnur tæki sem gagnast í því að flýta orkuskiptum njóti sérstakra ívilnana. Óvissa um stefnu ríkisvaldsins um niðurfellingu gjalda eða aðrar ívilnanir fyrir umhverfisvænar bifreiðar er ekki til þess fallin að auka trú á að hugur fylgi máli þegar stefna sem þessi er sett fram.

Til að ná árangri í orkuskiptum í samgöngum og sjávarútvegi þarf að ráðast í enn frekari uppbyggingu innviða. Tryggja þarf aðgang að hleðslustöðvum fyrir ökutæki og tengingar í höfnum landsins fyrir skip en um leið þarf að byggja upp flutningskerfi raforku svo unnt sé að hafa orku til reiðu um land allt.

Ekki má heldur gleyma að í landbúnaði eru mikil tækifæri en atvinnugreinin notar mikið innflutt eldsneyti. Leggja ætti áherslu á rannsóknir á möguleikum landbúnaðarins til orkuskipta, m.a. með framleiðslu á lífdísil og metangasi, og styrkja ætti sérstaklega þá bændur sem getu hafa til slíkra verkefna.

Í áætluninni kemur ekki fram á nægjanlega trúverðugan hátt hvernig markmiðum eigi að ná á sama tíma og þau mættu vera háleitari og mælanlegri. Þá er óljóst hvort fjármagn sé tryggt til að ná þeim markmiðum sem þó eru sett fram. Fleira mætti gagnrýna en jákvætt er að áætlunin sé lögð fram og hljóti umræðu. Áætlunin er skref fram á við og fátt, nema e.t.v. skortur á fjármagni, sem kemur í veg fyrir að unnið sé hraðar að markmiðum hennar.

Þrátt fyrir að gera mætti betur mælir ekkert gegn því að áætlunin verði samþykkt.

Alþingi, 26. apríl 2017.

Gunnar Bragi Sveinsson.